

## FUNDARGERÐ

Fundur nr. 90 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 2. júní 2021 kl. 17:00

í fundarsal að Ægisgötu 2.

Mættir voru: Arnar Pétursson, Guðlaugur Friðþórsson, Agnes Einarsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Páll Þór Guðmundsson, Aníta Jóhannsdóttir, Birna Vídó Þórsdóttir og Hörður Orri Grettisson framkvæmdastjóri.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru fimm dagskrárliðir:

1. **Rekstrartölur –fyrstu fjórir mán. 2021.**

Kynntar voru rekstrartölur og helstu rekstrarliðir til 30. apríl 2021.

2. **Starfsmannamál.**

Fært í sérstaka trúnaðarfundargerð sem fylgir fundargerð þessari.

3. **Tæknimál.**

Tækni- og sjálfvirknimál vegna miðasölu voru rædd. Fram kom tillaga um að ráða verkefnastjóra tæknimála tímabundið í undirbúningsvinnu.

*Niðurstaða: Samþykkt samhljóða að ráða verkefnastjóra tímabundið í undirbúningsvinnu. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.*

4. **Herjólfsbryggja -skipulag.**

Rætt var um málefni Herjólfsbryggju. Fyrirhugaður er fundur með hafnarstjóra 4. júní n.k.

5. **Önnur mál.**

Umræða um aukaferðir, þjóðhátíð ofl. Engin ákvörðun tekin.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður í júní.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 18:15.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.